

## Fréttatilkynning:

# Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 2008



## Íslensk leikhústónlist, sönglög og aríur

### Guðrún Ingimarsdóttir sópran og Jónína Erna Arnardóttir píanó

---

Næstu sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns þriðjudaginn 12. ágúst eru helgaðir íslenski tónlist. Þá flytja Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona og Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari fjölbreytta dagskrá með íslenskum sönglögum, aríum og leikhústónlist eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson, Sigvalda Kaldalóns, Pál Ísólffsson og Hjálmar H. Ragnarsson, auk annarra. Fluttir verða meðal annars söngvar úr Gullna hliðinu, Pilti og Stúlku, Sjálfstæðu fólki, Dansinum í Hruna og Allra meina bót.

**Guðrún Ingimarsdóttir** starfar sem söngkona á meginlandi Evrópu og hefur sungið veigamikil hlutverk í óperuuppfærslum í Þýskalandi, Sviss, Englandi og Íslandi. Guðrún er einnig virk á sviði kirkju- og óperettutónlistar og hefur flutt slíka tónlist á fjölmörgum tónleikum vítt og breitt í Þýskalandi, Ítalíu, Austurríki, Portúgal, Sviss og Tyrklandi. Hún er uppalin á Hvanneyri í Borgarfirði og stundaði söngnám í Reykjavík og Lundúnum og framhaldsnám við einsöngvara- og óperudeildir tónlistarháskólans í Stuttgart hjá hinni heimsfrægu söngkonu Sylvíu Geszty.

**Jónína Erna Arnardóttir** píanóleikari hlaut grunnmenntun sína í píanóleik við Tónlistarskóla Borgarfjarðar og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Bergen og lauk þaðan lokaprófi í píanóleik og söng. Hún starfar nú sem kennari og deildarstjóri píanóeildar Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Hún hefur leikið á tónleikum með fjölda kóra og einsöngvara. Jónína Erna er listrænn stjórnandi IsNord tónlistarhátíðarinnar í Borgarnesi.

#### Um safnið og tónleikaröðina:

Í ár eru liðin 20 ár frá því að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar opnaði fyrir almenning og í haust verða 100 ár liðin frá fæðingu listamannsins sjálfs. Vikulegir sumartónleikar hafa verið hluti af starfi safnsins frá upphafi og fara tónleikarnir fram í aðalsal safnsins, sem er fyrrverandi vinnustofa myndhöggvarans. Eftir tónleika geta gestir notið veitinga í kaffistofu safnsins fyrir opnu hafinu og síðbúnu sólarlagi. Miðasala á tónleikana fer fram við innganginn, einnig er hægt að kaupa miða í síma 553-2906. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

---

Hægt er að ná í Guðrúnu Ingimarsdóttur í síma 849-7748 vegna viðtals og myndatöku.

Prentþæf ljósmynd af tónlistarfólkinu: <http://www.iso.is/tonl/08-08-12-GIJEJ.jpg>

Heildardagskrá sumartónleikanna: [http://www.iso.is/tonl\\_i.htm](http://www.iso.is/tonl_i.htm)

Ábyrgðarmaður fréttatilkynningar:

Steinunn Þórhallsdóttir, Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, sími 553 2906, [www.iso.is](http://www.iso.is)



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar